

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 9. mars 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 3/2006, um ársreikninga, með síðari breytingum, og fleiri lögum varðandi endurskoðendur og skoðunarmenn (245. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér margvíslegar breytingar á lögum um ársreikninga.

Viðskiptaráð gerir nokkrar athugasemdir við frumvarp þetta en þær markast flestar af þeim stutta tíma sem veittur var til umsagnar. Það verður að teljast afar óeðlilegt að mál, sérstaklega af þessari stærðargráðu, séu keyrð í gegnum þingið með slíkum hraða. Það liggur í hlutarins eðli að líkur á annmörkum í frumvarpsgerð og mistökum í afgreiðslu þingsins aukast til muna ef þetta fyrirkomulag er viðhaft. Stuttur frestur dregur jafnframt óhjákvæmilega úr gæðum umsagna. Á þessu verður því að gera bragarbót.

Starfrækslugjaldmiðill (4. gr.)

Í ákvæði þessu er að finna breytingar á núgildandi 8. gr. laganna sem fjallar um þau skilyrði sem félög verða að uppfylla til að fá heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðli.

Rétt er að geta þess að Viðskiptaráð hefur ítrekað lagt til að ákvæði ársreikningalaga og hlutafélagalaga er varða uppgjör í erlendum gjaldmiðlum verði rýmkuð enda eru kostir slíks uppgjörs fyrir mörg félög augljósir. Um þetta var m.a. fjallað í skoðun ráðsins *Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum – eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar*, sem var gefin út í mars mánuði síðasta árs. Hefur ráðið t.a.m. lagt til að 3. og 4. mgr. 1. gr. hlutafélagalaga verði breytt þannig að 5 ára tímamark nýrrar myntar sé afnumið og að upptalning gjaldmiðla sem ákveða megi hlutafélagans í verði felld brott og þess í stað verði vísað til þeirra gjaldmiðla sem hafa skráð gengi hjá Seðlabanka Íslands.

Í ljósi þessarar afstöðu Viðskiptaráðs, sem hafa verið reifaðar stuttlega, gerir ráðið nokkrar athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins.

Í fyrsta lagi telur Viðskiptaráð að hlutverk ársreikningaskrár eigi ekki að vera það að veita félögum heimild til uppgjors í erlendum gjaldmiðlum. Ef félögum ber samkvæmt ákvæðum IFRS og ársreikningalögum að gera upp í sínum starfsrækslugjaldmiðli, þá öðrum en íslenskum krónum, þá á þeim eingöngu að vera skylt að tilkynna ársreikningaskrá um þann gjaldmiðil.

Að auki er rétt að benda á 90. gr. laganna en þar segir að félagi sem beri að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu samstæðureiknings sé það einnig heimilt við samningu síns ársreiknings. Í eldra ákvæði laganna var um að ræða skyldu en sú skylda var felld brott með lögum nr. 171/2007 og í greinargerð þeirra sagði m.a.

„Í a-lið er lagt til að skylda móðurfélaga og dótturfélaga sem eru innifalin í samstæðureikningsskilum, svo og félaga skv. 1. másl. 4. tölul. 1. mgr. 1. gr., sem eru í meirihlutaeigu félaga í samstæðunni, til að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum verði felld niður. Þess í stað er lagt til að stjórn viðkomandi félags geti ákveðið hvort það beiti alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við samningu ársreiknings og árshlutareiknings.“

Af þessu leiðir að það er stjórnar félagsins að meta hverju sinni hvort alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé beitt við samningu ársreiknings. Verður þetta ekki betur skilið en svo að það sé jafnframt stjórnarinnar að meta, með tilliti til ákvæða IFRS, hvort annar gjaldmiðill en krónan vegi hlutfallslega mest í aðalefnahagsumhverfi félagsins. Er þetta einkar eðlilegt enda eru stjórnir félaga mun betur í stakk búnar að meta slíka hluti en opinber stofnun. Vegna þessa telur Viðskiptaráð að félög sem kjósa að beita IFRS stöðlum og eiga skv. 17. gr. staðalsins að nota aðra uppgjörsmýnt en krónu ættu einungis að þurfa að tilkynna ársreikningaskrá um þann gjaldmiðil.

Að mati Viðskiptaráðs hefur aldrei komið nægilega skýrt fram hvers vegna ríkisvaldið telur mikilvægt að samþykka uppgjör íslenskra fyrirtækja í erlendum gjaldmiðlum fyrirfram, en ekki er þörf á að afla slíks leyfis til að beita öðrum reikningsskilareglum sem lögin eða staðlarnir kveða á um. Slík uppgjör eru eðlilegur fylgifiskur alþjóðavæðingar og í mörgum tilvikum eru þau til þess fallin að styrkja frekar stöðu íslenskra fyrirtækja og gera þau að fýsilegri kosti fyrir erlenda fjárfesta. Það er því hreinlega óábyrgt að spyrna við fæti í þessum málum og stuðla þannig að verra rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja í alþjóðlegum samanburði.

Af einhverjum ástæðum virðist sem svo að ríkið telji það mikilvægt að fyrirtækin geri ekki mistök í þessum efnum og endurspeglar 4. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að aðalefnahagsumhverfi taki mið af lögum og reglum það viðhorf. Eins og reifað er hér að ofan ætti hlutverk ársreikningaskrár að vera bundið við að taka við tilkynningum frá félögum um beitingu annars starfsrækslugjaldmiðils en krónu. Ef augljóst er að félag sem ætlar sér að taka upp annan starfsrækslugjaldmiðill uppfyllir ekki skilyrði IFRS þar að lútandi ætti ársreikningaskrá hins vegar að gera stjórn félagsins og endurskoðendum þess viðvart.

Viðskiptaráð leggur til að 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að félög skuli tilkynna ársreikningaskrá um uppgjör í erlendum gjaldmiðlum. Að auki er lagt til að ársreikningaskrá eigi að gera stjórn og endurskoðendum félags viðvart ef hún telur augljóst að skilyrði IFRS til uppgjors í erlendri mynt séu ekki uppfyllt.

Að lokum er rétt að benda á að orðalag ákvæðisins endurspeglar ekki nægilega vel orðalag staðals IAS 21, því þarf að breyta til betri vegar.

Viðskiptaráð leggur til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að "Starfsrækslugjaldmiðill er gjaldmiðill aðalefnahagsmumhverfis sem eining er starfrækt í..."

Álit endurskoðenda á skýrslu stjórnar (17. gr.)

Í 5. tl. b. liðar 17. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að endurskoðendur gefi álit sitt á því hvort skýrsla stjórnar hafi að geyma upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ársreikninginn og sé svo ekki skulu endurskoðendur vekja athygli á því í áritun sinni.

Að mati Viðskiptaráðs er það ekki hlutverk endurskoðenda að gefa álit á skýrslu stjórnar, heldur einungis benda á ef skýrslan feli í sér upplýsingar sem ekki eru í takt við upplýsingar í ársreikningi félagsins. Að auki er fjallað ítarlega um það í lögum um endurskoðendur hvað skuli koma fram í áritun endurskoðenda. Ekki ætti að endurtaka þá umfjöllun hér enda væri það einungis til þess fallið að flækja lagaumhverfið og skapa réttaróvissu um þetta mikilvæga hlutverk endurskoðenda.

Viðskiptaráð leggur til að 5. tl. b. liðar 17. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

Skipan reikningsskilaráðs

Í 25. gr. frumvarpsins er kveðið á um að fjármálaráðherra geti skipað fimm sérfróða menn til fjögurra ára í senn í nefnd sem nefnist reikningsskilaráð. Er um að ræða heimildarákvæði en reikningsskilaráð sem sett var á stofn með lögum nr. 95/1991 var lagt af þegar skipunartími nefndarmanna rann út á sínum tíma.

Það er mat Viðskiptaráðs að ráð af þessi tagi eigi að vera til í landinu og bendir því til stuðnings á mikilvægt hlutverk reikningsskilaráðs eins og það er skýrt í 119. gr. ársreikningalaga. Telur Viðskiptaráð því að það eigi ekki að vera háð ákvörðun fjármálaráðherra hverju sinni hvort þörf sé á reikningsskilaráðinu. Hér er einnig vakin athygli á því að Viðskiptaráð (á þeim tíma Verslunarráð) skipaði skv. lögum 95/1991 einn fulltrúa í reikningsskilaráð, sem skiptir þó litlu í ljósi þess að aðrir fulltrúar atvinnurekenda hafa tekið stað ráðsins. Fagnar Viðskiptaráð því að ráðuneytið hafi ekki brugðið út af venju hvað aðkomu hagsmunaaðila varðar að reikningsskilaráðinu.

Viðskiptaráð leggur til að orðalagi ákvæðisins verði breytt þannig að fjármálaráðherra skuli skipa reikningsskilaráð.

Refsiverð brot (26. gr.)

Í d. lið 26. gr. frumvarpsins er að finna nýtt refsíákvæði. Hvað það ákvæði varðar er rétt að benda á viðurlaga- og refsíákvæði nýrra endurskoðendalaga, sem eru víðtæk og refsingar einnig afar íþyngjandi. Þessi ákvæði endurskoðendalaga taka að mestu yfir þau tilvik eru gætu fallið undir það sem kveðið er á um í d. lið 26. gr.

Ennfremur er ákvæði stafliðsins afar óljóst og erfitt er þess vegna að átta sig nákvæmlega á umfangi ábyrgðarinnar. Þurfa t.a.m. bókhaldsstofur og einstaklingar sem taka að sér bókhald að hafa tryggingu vegna hennar? hver ber ábyrgð innan félagsins, er það félagið sjálft eða einstaklingurinn? hvað kröfur eru gerðar til að komast að því hvort ársreikningur er réttur? Í tilfellum minni fyrirtækja er yfirleitt um að ræða óendurskoðuð félög og er þá ársreikningur

byggður á bókhaldi þess en engar frekari skoðanir eru framkvæmdar til að kanna réttmæti upplýsinga enda væri viðkomandi félag þá væntanlega komið í endurskoðun.

Gildistökuákvæði (88. gr.)

Samkvæmt 88. gr. frumvarpsins þá gilda breytingar á ársreikningalögum um ársreikninga fyrir árið 2008. Að mati Viðskiptaráðs þá gengur slíkt einfaldlega ekki upp. Endurskoðendur eru iðulega kosnir snemma hvert ár og flest fyrirtæki eru komin langt eða eru búin að endurskoða síðasta reikningsár. Félög sem þannig háttar um og verða undanþegin endurskoðunarskyldunni, sitja því ekki við sama borð og félög þar sem endurskoðun er ekki hafin.

Viðskiptaráð leggur til að gildistaka miði við reikningsárið sem hófst 1. janúar síðastliðinn.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki óbreytt fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs